

Alþingi
Erindi nr. P 137/491
komudagur 1.7.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Veiðimálastofnun barst til umsagnar þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009-2013 Vegna mikilla anna hefur ekki gefist tími fyrir til að fara yfir málið og senda umsögn.

Í tillögunni er gerð tillaga að friðlýsa svæði vegna plantna, vegna dýra, vistgerða og jarðfræði. Þá er lagt til að ákveðnar plöntur og dýrategundir verði friðaðar. Veiðimálastofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við þetta. Hins vegar vantar algerlega mat á vistkerfi ferskvatns og ferskvatnssvæða (votlendi, tjarnir, vötn, ár, grunnvatn og lindir). Sama gildir um svæði í sjó (fjörur, strandsvæði, hafsvæði, botnsvæði). Stafar þetta væntanlega að Náttúrufræðistofnun er falið að gera áætlunina, en sú stofnun sinnir náttúrufarsrannsóknnum á landi og vantar þá vistkerfi í vatni og í sjó.

Veiðimálastofnun gæti lagt mikið til er kemur að vistkerfum ferskvatns og Hafrannsóknarstofnun í sjó. Leggur stofnunin til að náttúruverndaráætlunin verði endursamin og taki þá til vistkerfi á öllu landinu en ekki einungis á landi heldur einnig í vatni og í sjó.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri